

Nettengd Biblía fyrir börn
kynnir

Vertu sæll
Faraó!



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Lyn Doerksen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Faraó
var
reiður!

Guð hafði skipað
honum, í gegnum Móse,
að leyfa ísraelsku
bræðunum að
yfirgefa
Egyptaland.





Hann þvertók
fyrir það. "Aukið
vinnuálag þeirra"
skipaði Faraó
þrælahöldurum
sínun.







Aðstæður
Ísraela urðu nú
mun erfiðari
en áður.



"Farið sjálf til að viðá að ykkur
hálmí. Við útvegum hann ekki lengur.
En búið til jafn marga múrsteina
sem áður."




Þetta voru
nýjar fyrirskipanir
frá Faraó.



Prælahaldararnir
pískuðu suma þrælana fyrir
að hafa ekki tíma

til að safna hálmi,
og samt

búa til nóg af
múrsteinum.





Fólkið
ásakaði
Móse og
Aron fyrir
örðugleika
sína. Móse

bað til Guðs.





"Drottinn minn,"
hrópaði hann,
"Þú hefur
ekkert gert
til að bjarga
fólkinu þínu."






“Ég er
Drottinn og
ég mun leysa
ykkur úr
ánauðinni”,
svaraði Guð.





Þá sendi Guð
Móse og
Aron aftur
til Faraó.



Pegar
Faraó bað
þjóna Guðs
um tákni
frá Guði,

breyttist
stafur Arons
í skríðandi
snák.





"Kallið á töframenn
mína," öskraði
Faraó. Þegar
egypsku
töframennirnir
fleygðu niður
stöfum sínum, ...





... breyttust
stafir þeirra líka í
snáka. En stafur
Arons gleypți
alla hina. Samt
leyfði Faraó
fólkinu ekki að
fara.



Morguninn eftir, hittu Móse og
Aron Faraó niður við
ána.



Þegar Aron rétti út staf sinn,
umbreytti Guð vatni árinna í blóð.
Fiskurinn dó, og vatnið varð óhæft

til
drykkjar.



En hjarta Faraós harðnaði. Hann vildi ekki leyfa fólkinu að fara frá Egyptalandi.





Og aftur sagði
Móse Faraó
að leyfa
fólkinu að
fara. Faraó
neitaði aftur,
og Guð sendi
aðra plágu.



Komu þá upp froskar og
huldu allt Egyptaland.

Hvert
hús, hvert
herbergi,
og meira
að segja
eldunarofnar,
allt var
yfirfullt af
froskum.





"Biðjið fyrir mér,
að Drottinn
fjarlægi
froskana",
bað Faraó.
"Þá skal ég
leyfa fólkinu
ykkar að
fara."



En þegar froskarnir
voru farnir,
skipti
Faraó um
skoðun
og leyfði
þrælunum
ekki að fara.




Þá sendi Guð billjónir lítilla skordýra sem kallast lýs.



Þetta varð mönnum og fénaði til mikilla þjáninga, en Faraó hlýddi ekki Drottni.





Næst sendi
Guð flugur,
urmul af
þeim.






Guð


sendi farald til að
útrýma kvikfénaði
Egyptalands.
Guð sendi
sársaukafull
kýli.





Fólkið þjáðist
hræðilega. Þrátt
fyrir allt þetta,
neitaði Faraó að
hlýða Drottni.






Eftir kýlpláguna
sendi Guð
mergð af
engisprettum.



Engisprettarnar
átu upp allan
grænan
gróður
landsins.







Því næst sendi Guð
algert myrkur í
þrjá daga. En
Faraó var uppfullur
þvermóðsku og
leyfði fólkinu
ekki að fara.




“Ég mun senda enn eina plágu,” aðvaraði Guð. “Um miðnætti munu allir frumburðir manna og fénaðar deyja í Egyptalandi.”



Guð sagði
Ísraelum, að
frumburðir
þeirra mundu
þjargast, ef
þeir settu
lamsblóð á
dyrastafi
sína.






Á miðnætti varð
mikill grátur um allt
Egyptaland. Dauðinn

kom í heimsókn.
Að minnsta kosti
einn hafði dáið á
hverju heimili.





"Farðu í burtu",
grátbað Faraó
Móse. "Farðu og
þjónaðu Drottni."





Fólk drottins hélt
án tafar út úr
Egyptalandi.





Guð sagði Móse
að minnast Páskanæturinnar, því að
Engill Drottins
hafði

sneitt hjá heimilum
Ísraela, en lostið niður hjá
Faraó og fólki hans.



● Loksins,
að liðnum
430 árum í

Egyptalandi,

var fólk Drottins
frjálst. Guð gekk fyrir
þeim í skýjastrók til að vísa þeim
veg á daginn, en í eldsúlu á nóttinni.





En Faraó var ekki tilbúinn að sleppa Ísraelum úr ánauðinni. Fyrr en varði, hafði hann gleymt Guði og breytt aftur um skoðun.





Faraó kallaði
her sinn saman,
og hélt á eftir
þrælunum.
Fljótlega, hafði
hann króað þá
af milli kletta
og hafs.




"Drottinn mun berjast
fyrir ykkur," sagði Móse.
Móse gekk fram og rétti
hönd sína yfir hafið.



Þá gerðist
mikið

kraftaverk.
Guð opnaði
göngustíg í
gegnum
vatnið.





Fólkið
fór yfir
slysaust.



Egypski herinn fór á eftir þeim út í Rauða Hafið. "Nú náum við þeim," hugsuðu hermennirnir.



En Guð lét vötnin falla,
og hafið gleypti hinn
öflugga her Egypta.



Þá loksins, vissi Faraó
að Guð Ísraela var
Drottinn allra.



Vertu sæll Faraó!

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,
er að finna í

Annarri Mósebók 4-15

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

